

Mál nr. 258/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Áræktur bifreiða á gatnamótum Tryggvagötu og Grófarinnar í Reykjavík þ.12.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 608/2008
3. Bréf V-1 dags. 31.7.2009
4. Bréf V-2 dags. 29.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

A var ekið Tryggvagötu til austurs og segist ökumaður hafa séð B þegar hann nálgast gatnamótin við Grófina og séð að ökumaður B hafi ætlað að aka inn á Tryggvagötu og aka götuna til vesturs og hafi hann reynt að sveigja frá en það ekki dugað til að afstýra árækstri. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka inn á Tryggvagötu og aka hana til vesturs og hafi hún ekið inn á gatnamótin og ekki tekið eftir A og því hafi hún ekið í hlið A.

Álit.

Þar sem áræktur varð með A og B gildir almennur umferðarréttur og bar A því að veita B forgang og ber alla sök á árækstrinum.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 18.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.